

519. mál
m. S.F.

1

Sigurður Haraldsson.
Desember 1986.

VERDJÖFNUNARSJÓÐUR.

Alþingi

Erindi nr. D 112/1133

komudagur 4/5 1990

Fundarstjóri, góðir fundarmenn.

Málefni Verðjöfnunarsjóðs hafa verið ofarlega á baugi undanfarin misseri; enda hafa brotalamir í starfi sjóðsins orðið æ augljósari.

Stjórnir allra fisksölusamtaka hafa lagt til, að sjóðurinn verði lagður niður, en stjórnámálmennt og aðrir aðilar í sjávarútvegi hafa viljað halda starfsemi sjóðsins óbreyttri. Ég mun í þessu spjalli reyna að sýna fram á, að sjóðurinn á ekki lengur tilverurétt og skynsamlegt væri að hætta starfsemi hans.

Ég ætla að byrja á því að rifja upp markmiðin sem sett voru við setningu laganna um Verðjöfnunarsjóð. Þá mun ég fjalla um álit nefndar sem endurskoðaði lögin um Verðjöfnunarsjóð, en nefndin skilaði álitum fyrir skömmu. Þá mun ég koma lítillega inn á breyttar aðstæður í sjávarútvegi, sem hafa í raun kippt grundvellingnum undan starfi sjóðsins.

Í lokin mun ég sýna dæmi um það óréttlæti, sem sjóðurinn skapar og að hann getur við viss skilyrði hamlað eðlilegri fisksölu.

Fyrst, hver var tilgangur löggjafans með stofnun sjóðsins? Lögin um Verðjöfnunarsjóð eru frá árinu 1969

en frumvarpið var lagt fram á þingi 1968. Í athugasemdum með frumvarpinu segir orðrétt:

"Tveir veigamiklir þáttir í rekstri sjávarútvegsins, sem hafa afgerandi áhrif á afkomu hans, eru háðir utanaðkomandi atriðum, sem lítt er unnt að hafa áhrif á. Annars vegar eru það aflabrögð, en hins vegar verðlag á erlendum mörkuðum.

Sveiflur í aflabrögðum geta verið mjög afdrifaríkar fyrir þá, sem veiða fiskinn, og um langa hríð hafði mönnum verið það ljóst, að æskilegt væri að gera ráðstafanir til að draga úr áhrifum þess, er aflí minnkaði skyndilega. Liðin eru nú nær 20 ár frá því aðgerðir voru hafnar í þessu efni með stofnun Hluta-tryggingasjóðs bátaútvegsins, sem síðar var breytt í Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Hafa þær stofnanir mjög orðið til að jafna áhrif aflasveiflna og dregið úr mestu erfiðleikunum, sem orðið hafa þegar aflabrest hefur borið að höndum.

Mönnum hefur einnig orðið það æ ljósara eftir því, sem tímar hafa liðið, að mjög æskilegt væri að koma á svipuðu kerfi til að draga úr óheppilegum áhrifum mikilla verðsveiflna á afurðum sjávarútvegsins."

Síðar í athugasemdunum segir orðrétt:

"Með þessu er verið að fara inn á nýjar leiðir og lítt kannaðar. Erfitt er því að sjá fyrir um til fulls, á

hvern hátt slíkur sjóður gæti komið til að hafa tilátluð áhrif, en reynsla undanfarinna ára og áratuga bendir eindregið til þess, að sé rétt á málum haldið, geti margvíslegur ávinningur orðið að slíkri sjóðsmyndun, bæði fyrir þær greinar sjávarafurðaútflutnings, sem sjóðurinn nær til, og eins fyrir efnahagskerfið í heild."

Markmiðið var með öðrum orðum að gera tilraun til að draga úr áhrifum sem utanaðkomandi sveiflur á verðlagi á erlendum mörkuðum hafa á afkomu sjávarútvegs og efnahagskerfið í heild.

En hvernig hefur til tekist? Hefur Verðjöfnunar-sjóðurinn reynst tæki til þess að ná þessum markmiðum, sem að var stefnt? Gluggum í nýútkomið álit nefndar sem skyldi fjalla sérstaklega um hlut fiskvinnslunnar í skiptum við sjóði sjávarútvegs.

Um freðfisk segir nefndin orðrétt:

"Óhætt virðist að fullyrða, að freðfiskdeild sjóðsins hafi jafnað tekjur á milli ára á hverja framleidda einingu í frystihúsunum á fyrri helmingi áttunda áratugarins. Eftir það eru línurnar ekki eins skýrar."

Um áhrif verðjöfnunar á saltfisk segir nefndin:

"Tilgangi saltfiskdeildar sjóðsins virðist hafa verið náð í meginatriðum fyrstu fimm starfsárin. Þegar á heildina er litið, er ef til vill ekki unnt að meta með

einhlítum hætti áhrif sjóðsins á afkomu saltfiskverkunar, en svo virðist, sem starfsemi saltfiskdeildar hafi í meginatriðum þjónað tilgangi sjóðsins, þótt frá því séu undantekningar." Ég verð að skjóta því hér inn, að ég felli mig ekki við orðalagið "að þjóna tilgangi sjóðsins". Þetta lýsir e.t.v. við-horfum einhverra nefndarmanna. Að sjálfsögðu á sjóðurinn að þjóna sjávarútveginum, en ekki öfugt..

Niðurstöður nefndarinnar má frá mínum bæjardyrum séð draga saman í eina setningu: Fram til ársins 1975 náðust markmiðin sem að var stefnt. Eftir 1975 hafa gerst ýmsar þær breytingar sem með réttu hefðu átt að leiða til breytinga á starfsemi sjóðsins, en var ekki sinnt. Þrátt fyrir þessar niðurstöður leggur nefndin ekki til neinar breytingar og segir í áliti sínu orðrétt: "Meiri hluti nefndarinnar telur að sjóðurinn hafi yfirleitt þjónað því hlutverki sem honum er ætlað að gegna og hann geti einnig fframvegis gert gagn með því að draga úr sveiflum í afkomu sjávarútvegsins. Ekki megi þó ætla honum of stóran hlut í þessu efni, því einnig þurfi að treysta á aðrar leiðir til þess að bregðast við slíkum sveiflum. Þessar aðrar leiðir svokölluðu eru þó ekki skilgreindar nánar. Þá urðu nefndarmenn ekki sammála um það, hvort þess skuli freistað að láta verðjöfnun ná til ísfisks, sem settur er óunninn á markað erlendis. Töldu fulltrúar sjómanna og útvegsmanna ekki unnt að koma við verðjöfnun á óunnum fiski með skynsamlegu móti.

Þessi sama nefnd lagði til sl. vor, að sjóðir sjávarútvegsins aðrir en Verðjöfnunarsjóður skyldu lagðir niður og þ.m.t. Aflatryggingasjóður. En eins og áður er að vikið í þessu spjalli var það álit manna árið 1969 að brynt væri að draga úr áhrifum sveiflna í aflabrögðum sem og markaðsverðlagi. Hvaða rök mæla nú með því að leggja niður Aflatryggingasjóð en ekki Verðjöfnunarsjóð?

Ég hef fjallað hér nokkuð um niðurstöður þessarar nefndar vegna þess að ég tel að álit nefndarinnar hafi beinlínis verið í ósamræmi við niðurstöður þeirrar rannsóknar sem nefndin lét vinna. Í raun brast nefndina kjark til þess að taka á þessu vandamáli.

Aðalatriðin eru þessi:

Í fyrsta lagi. Nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að með starfi sjóðsins hafi upphaflegum tilgangi ekki verið náð. a.m.k. síðustu 10 ár. Samt gerir nefndin engar tillögur um breytingar.

Í öðru lagi. Nefndin tekur ekki á verðjöfnun ísfisks og vísar til þess að ágreiningur hafi verið um það mál. Nefndinni bar þó skylda til að gera tillögur til ráðherra um þá möguleika sem til greina komu. Af fréttum að dæma er enginn fisksala háð eins miklum verðsveiflum og sala ísfisks og ef einhver staðar ætti að verðjafna þá er það í þessari grein.

Í þriðja lagi. Þessi sama nefnd lagði til, að Afla-tryggingasjóður skyldi lagður niður. Hvað hefur breyttst á síðustu 17 árum sem réttlátir þessa afstöðu að leggja niður Afla-tryggingarsjóð en halda Verðjöfnunarsjóði?

Látum útrátt um þessa nefnd, en hún kom aldrei að aðalatriði málsins, sem er að mínu mati, að sjóðurinn getur og hefur brenglað mjög alla markaðsstarfssemi. Afurðir fyrir markað sem ekki er tilbúinn að greiða samkeppnishæft markaðsverð fá greiðslur úr sjóðnum og þar með er framleiðsla örvuð óverðskuldað. Á sama hátt eru dregnar tennur úr markaði sem vill með verðhækkun ná til sín meira framboði með því að of stór hluti af verðhækkuninni er tekin inn í sjóðinn. Ég kem nánar að þessu síðar, en fyrst fáein orð um breyttar aðstæður sem hafa brenglað starf sjóðsins.

Aðstæður 1969 eru í mjög veigamiklum atriðum frábrugðnar þeim aðstæðum sem nú ríkja. Möguleikar í vinnslu eru mun fjölbreyttari en þá var. Tækni bæði í fjarskiptum og flutningum hefur gjörbreyst. Upplýsingar berast mun hraðar. Þróun í mörkuðum og sveiflur á verðum eru mun sneggri en var fyrir örfáum árum. Vegna sviptinga á gjaldeyrismörkuðum færum við hiklaust þúsundir tonna frá einum markaði til annars. Fleira mátti tína til eins og stærri landhelgi og kvótakerfi í fiskveiðum en hvert þessara atriða út af fyrir sig hefði átt að nægja til að endurskoða lögin um

Verðjöfnunarsjóð. Við höfum hér hlustað á ræður um fiskmarkaði sem stofna á. Ég fæ ekki betur séð en fiskmarkaðir eða m.ö.o. frjálst fiskverð og Verðjöfnunarsjóður sé ósamrýmanleg. Þá hefur það verið galli á starfi sjóðsins frá upphafi að þeir sem hafa lagt til hliðar til mögru árána hafa ekki endilega verið þeir sem nutu þegar greitt var út.

En aðalatriðin frá sjónarhóli okkar saltfiskmanna, eru eins og áður segir, að allir sitji við sama borð og markaðarnir fái að njóta sín. Þetta skal ég reyna að skýra nánar.

Fyrst um réttlætið.

Höldum okkur við verðjöfnun á þorski, en hún skiptir langmestu máli. Í raun nær sjóðurinn aðeins til um 40% af þorskaflanum þ.e.a.s. þess hluta þorskaflans sem er saltaður. Ísfiskur, sem er nú um 13% af þorskaflanum, er alfarið utan sjóðsins. Sjómenn og útvegsmenn, eða a.m.k. talsmenn þeirra mega ekki heyra á það minnst að ísfiskur falli undir Verðjöfnunarsjóð, en jafnframt vilja þessir sömu menn ekki leggja Verðjöfnunarsjóð niður. Gefum okkur að sama þróun verði á næsta ári í vexti ísfisks og verið hefur.

Þá gæti hlutur ísfisks í þorskaflanum orðið 20%. Mun það breyta afstöðu þessara manna eða hvað má hlutfallið verða hátt til þess að afstaðan breytist?

Frystingin hefur verið óvirk gagnvart sjóðnum allar götur frá 1981. Ef markmið sjóðsins væru enn í fullu gildi hefði frystingin með réttu átt að greiða inn í sjóðinn á þessu ári, enda hefur markaðsverð á frystum afurðum hækkað verulega að undanfögnu og verð sjaldan ef nokkurn tíma verið herra í dollurum talið. En aðstæður og afkoma í frystingu leyfa ekki greiðslur inn í sjóðinn. Til hvers er að halda í svona lög, sem gilda bara stundum og stundum ekki?

Saltfiskurinn aftur á móti greiðir væntanlega um 150 millj. kr. inn í sjóðinn á þessu ári. Framleiðendum hefði þó ekki veitt af þessum peningum eftir taprekstur undanfarinna ára til þess að sinna nauðsynlegu viðhaldi og endurbótum.

Og komum þá að markaðshliðinni.

Undanfarin tvö haust þegar lítið hefur verið eftir af þorskkvóta og gámasölur í hámarki en við hefur blasað skortur á fiski, hafa kaupendur verið reiðubúnir að hækka verð til þess að freista þess að ná til sín þeim fiski sem þá vantaði. Þetta gerðist í fyrrahaust og var þá verðjöfnunin tekin úr sambandi ef svo má segja. Aftur gerðist þetta nú í haust en stjórn sjóðsins neitaði nú að breyta viðmiðunarverðum. Afleiðingar eru auðvitað þær, að minna hefur verið framleitt af saltfiski síðustu vikur en ella hefði ofðið. Þar af leiðandi missum við af þeim tekjuauka sem bauðst og að

sjálfsögðu fær sjóðurinn engar tekjur til að mæta mögru árunum, en skaðinn á markaðnum er þó mestur.

En hvernig gerist þetta? Tökum dæmi af tandurfiski, einfaldað að vísu. Tölurnar eru tilbúnar en við þekkjum svona dæmi.

Forsendur.

Áætlað magn á útborgunarverðstímabili er 3.000 tonn, sem skiptist þannig:

- Til Portúgal 1.000 tonn
- Til Spánar 2.000

Fob-verð á Portúgal	USD. 2.800 á tonn
- - á Spán	USD. 3.100 - -
<hr/>	
Meðalfob-verð	USD. 3.000 á tonn

Viðmiðunarverð ákveðið í Verðjöfnunarsjóði er USD. 2.500 á tonn og greiðsluhlutfall 50%

Þá lítur dæmið þannig út.

Meðal fob-verð	USD. 3.000 á tonn
Viðmiðunarverð	USD. 2.500 - -
<hr/>	
Mismunur	USD. 500 á tonn
Gr. í sjóðinn	USD. 250 - -
	eða kr. 10 pr.kg.

Til framleiðenda USD. 2.750 á tonn
eða kr. 111 pr. kg.

Spánverjar fallast nú á 15% hækkun þar sem skortur
blasir við á þeirra markaði.

Nýtt meðal fob-verð USD. 3.310 á tonn

Viðmiðunarverð USD. 2.500. - -

Mismunur USD. 810 á tonn

Greitt í sjóðinn USD. 405 - -

eða kr. 16.50 pr. kg.

Til framleiðenda USD. 2.905 á tonn

eða kr. 117.50 pr.kg.

Áhrif verðhækkunarinnar eru því:

	<u>Fyrir</u> <u>hækkun</u>	<u>Eftir</u> <u>hækkun</u>	<u>Breyting</u>
Verðj.sjóður	10 kr.	16.50 kr.	6.50 kr. + 65%
Framleiðandi	111 kr.	117.50 kr.	6.50 kr. + 6%

Miðað við það ástand sem nú ríkir leiðir hækkunin til
framleiðandans kr. 6.50 pr.kg. ekki til þeirrar
aukningar í framleiðslu sem að var stefnt. Viðbótar-
tekjur sjóðsins, sem ætlað er að mæta mögru árunum, eru
því sýnd veiði en ekki gefin. Kaupendur, sem í þessu
dæmi bjóða hækkun, USD. 465 á tonn vita ekki, e.t.v.
sem betur fer, hvaðan á þá stendur veðrið. Skaðinn á

markaðnum er þó óumdeilanlegur. Tæplega var það ætlun löggjafans að skaða markaðinn.

E.t.v. eru veigamestu rökin fyrir því að leggja niður sjóðinn, að hann er hvort sem er máttvana, ef upp koma þær aðstæður sem honum er ætlað að mæta.

Lækki almennt markaðsverð á t.d. saltfiskafurðum þá munu menn mæta því fyrst og fremst með því að draga stórlega úr söltun, en auka frystingu og ísfisksölu að sama skapi.

Ef svo illa færi að markaðsverð á öllum sjávarafurðum lækkaði samtímis, þá er sjóðurinn hvort sem er ekki í stakk búinn til þess að mæta slíkum vanda.

Ég vil láta það álit koma hér fram í lokin, að hugsunin að baki Verðjöfnunarsjóðnum er göfug og góðra gjalda verð.

En framhjá því verður ekki lengur horft eins og ég hef verið að reyna að sýna fram á, að sjóðurinn er ekki í takt við tímann og rétt er að leggja hann niður.

Ef ekki næst um þetta samstaða og menn vilja halda í sjóðinn þá verður að breyta starfsreglum sjóðsins og laga þær að ríkjandi aðstæðum, en grundvallaratriðið er að allir sitji við sama borð.